

SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚI UPPSVEITA BS.
Bláskógabyggð/Grímsnes-og Grafningshreppur/Hrunamannahreppur
Skeiða-og Gnúpverjahreppur/Flóahreppur/Ásahreppur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfoss

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Önr. 0.0	K/S 21.8.17
Ábm.	Svfr.
Afgt.	() Bréf () St.
Lvm.	Trm.

Laugarvatni, 15.08.2017
Tilvísun: 1704037 EDE

Efni: Holtabraut 1-7: Holtabraut 1 og 3: Fækkun lóða: Deiliskipulagsbreyting

Á fundi skipulagsnefndar þann 15. ágúst 2017 var erindi þitt tekið fyrir og hlaut það eftirfarandi afgreiðslu:


Lögð fram endurskoðuð tillaga að breytingu á deiliskipulagi Brautarholts sem nær til lóða við Holtabraut. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem fólst í að fjórum einbýlialóðum við Holtabraut (1,3,5 og 7) var breytt í tveir raðhúsalóðir fyrir 4-6 íbúðir í hvoru húsi var grenndarkynnt með bréfi dags. 2. maí 2017 og athugasemdabréf frá íbúum innan þéttbýlisins. Þá liggja einnig fyrir viðbrögð umsækjenda við efni athugasemda. Í endurskoðaðri tillögu hefur aðkomu að húsunum m.a. verið breytt, gert er ráð fyrir sameiginlegu bílastæði, stærð íbúða verður 40-90 fm, aðkomu frá Skeiðavegi að Malarbraut er lokið og austurmörk lóðar nr. 3 færð fjær landamörkum við Húsatóftir 2.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytingar sem gerðar hafa verið á tillögunni en telur að í ljósi þess hve miklu er breytt þurfi að kynna tillöguna að nýju. Mælir nefndin með að sveitarstjórn samþykki að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að íbúum innan Brautarholts verði tilkynnt sérstaklega um auglýsinguna.

Samþykkt skipulagsnefndar hefur verið send viðkomandi sveitarstjórn til staðfestingar. Sá fyrirvari er á þessari tilkynningu um samþykkt skipulagsnefndar að sveitarstjórn staðfesti hana á næsta fundi sínum.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlega hafið samband við embættið.

Virðingarfyllt,


Elísabet Dröfn Erlingsdóttir
Aðstoðarmaður skipulagsfulltrúa

